





# Framkvæmda- fréttir 29. tbl. /04



Vinna í kanti.



Lokuð akrein.



Klifurrein.



Klæðingar.

## Merkingar vinnusvæða

Í nýlegri skoðanakönnun sem Gallup framkvæmdi fyrir Vegagerðina kom fram að 48,6% svarenda töldu vinnustaðamerkingar fullnægjandi en 39,7% ófullnægjandi. Aðrir tóku ekki afstöðu. Þótt meirihluti þeirra sem tóku afstöðu hafi sýnt okkur það umburðarlyndi að telja þessar merkingar fullnægjandi þá erum við langt frá því að vera ánægð með þessa niðurstöðu. Markið verður að setja miklu herra.

Þann 28. júní 1995 stóð Umferðarráð fyrir fundi um merkingar á vinnusvæðum í Borgartúni 6 í Reykjavík. Fundurinn var vel sóttur af fulltrúum framkvæmdaaðila, verktaka, lögreglu auk annarra áhugamanna, alls um 70 manns. Frá þessum fundi var greint ítarlega í 20. tölublaði Framkvæmdafrétta þetta ár.

Nú eru liðin tæp 10 ár síðan þessi fundur var haldinn og ástand merkinga hefur líklega almennt skánað. Reglur hafa verið endurbættar, ákvæði um merkingar í útboðsgögnum eru beinskeittari og viðurlög skýrari. Í mörgum verkum eru vinnustaðamerkingar hannaðar sérstaklega fyrir hvern verk-

áfanga. Almennt má líklega telja að starfsmenn Vegagerðarinnar og verktaka séu orðnir betur meðvitaðir um þörf góðra merkinga.

En það má ennþá bæta merkingarnar mikið. Það er gott að fara eftir reglunum en starfsmenn á vettvangi verða líka að vera meðvitaðir um sjónahorn vegfarenda. Þeir þurfa að setja sig í spor ókunnugra og finna staðina þar sem aðstæður eru líklegastar til að valda misskilningi og lagfæra þá. Sérstaklega verður að gæta þess að samræmi sé á milli yfirborðsmerkinga og annarra merkinga. Það er alltof algengt að umferð sé vísað á hjáleik með standandi merkjum en yfirborðsmerkingar vísa á gömlu leiðina.

Í maí sl. gaf vegamálastjóri út orðsendingu þar sem verklag við mat á vinnustaðamerkingum er skilgreint. Með því fylgir sérstakur gátlisti. Þessi orðsending, gátlistinn og dæmi eru birt í opnu þessa tölublaðs. Þetta efni er líka birt á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, undir „Framkvæmdir“.

VAI

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 29. tbl. 12. árg. nr. 386 25. október 2004

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

# Rannsóknir Vegagerðarinnar

Ráðstefna á Hótel Nordica 5. nóvember 2004

Aðallega verður fjallað um hluta af þeim rannsóknum sem fengu fjárveitingar úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar 2003. Þátttökugjald er 9.500 kr. og 2.000 kr. fyrir nema. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna eru á heimasíðunni: [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/vr\\_7.html](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/vr_7.html)

## Dagskrá

- 08:00 - 09:00** Skráning  
**09:00 - 09:15** Setning (*Hreinn Haraldsson, Vegagerðin*)  
**09:15 - 09:30** Rannsóknarstefna (*Hreinn Haraldsson, Vegagerðin og Ásdís Guðmundsdóttir, Vegagerðin*)

## Samgöngu- og umferðarrannsóknir

- 09:30 - 09:45** Samgöngubætur þróun matsaðferða (*Grétar Þór Eypórsson, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri*)  
**09:45 - 10:00** Vegagerð og ferðamennska (*Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar*)

## Upplýsingatækni og hugbúnaðargerð

- 10:00 - 10:15** GSM samband á þjóðvegum (*Gunnar Linnet, Vegagerðin*)  
**10:15 - 10:35** Kaffi  
**10:35 - 10:50** Veðurspár byggðar á reiknilíkani með þéttum möskvum (*Haraldur Ólafsson, Veðurstofa Íslands*)  
**10:50 - 11:05** Aðgerðir og skráning á vettvangi (*Einar Pálsson, Vegagerðin*)

## Umferðaröryggi

- 11:05 - 11:20** Umferðaröryggi að- og fráreina (*Guðni P. Kristjánsson, Verkfræðistofan Hnit*)  
**11:20 - 11:45** Hverjir aka um þjóðvegina? (*Hörður Ríkharðsson, Lögreglan Blönduósi*)  
**11:45 - 12:00** Umræður / fyrirspurnir um erindi fyrir hádegi

**12:00 - 13:00** Matur

## Umhverfismál

- 13:00 - 13:15** Mat á gagnsemi uppgræðslu á Mýrdalssandi með tilliti til sandfoks og lokunar þjóðveggar (*Guðrún Gísladóttir, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands*)  
**13:15 - 13:45** Skilvirkni mats á umhverfisáhrifum og beltanálgu (*Sebastian Peters, VSÓ*)

## Vatnafar, snjór, jöklar, jökulhlaup

- 13:45 - 14:00** Eftirlit með gosum í jöklum og vötnum (*Magnús Tumi Guðmundsson, Raunvísindastofnun HÍ*)  
**14:00 - 14:15** Staðbundin skaflamyndun vegna skafrennings á vegum (*Skúli Þórðarson, Orion*)

## Myndir

- 14:15 - 14:30** Myndasýning (*Viktor A. Ingólfsson, Vegagerðin*)  
**14:30 - 15:00** Kaffi

## Jarðtækni og steinefni, burðarlög og slitlög

- 15:00 - 15:15** Fínefni í malarslitlög (*Gunnar Bjarnason, Vegagerðin*)  
**15:15 - 15:30** NVF-34 Samanburður á efniskröfum Norðurlanda og CEN kröfum (*Pétur Pétursson, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins*)  
**15:30 - 15:45** Arðsemi malbiks á þjóðvegum landsins (*Þorsteinn Þorsteinsson, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands*)

## Brýr og steinsteypa

- 15:45 - 16:00** Steinsteypa rannsókuð án sýnatöku (*Gísli Guðmundsson, Hönnun*)

## Tæki og búnaður

- 16:00 - 16:15** Ræsarör, ending (*Daníel Árnason, Vegagerðin*)  
**16:15 - 16:30** Mælitækni til stýringar á þungatakmörkunum (*Nicolai Jónasson, Vegagerðin*)  
**16:30 - 16:45** Yfirborðsmerkingar (*Ásbjörn Ólafsson, Vegagerðin*)  
**16:45 - 17:00** Umræður / fyrirspurnir um erindi eftir hádegi  
**17:00** Ráðstefnuslit, léttar veitingar í boði Vegagerðarinnar

## Eftirlit með merkingu vinnusvæða

### Almennt

Með vinnusvæði þar sem krafist er sérstakra vinnustaðamerkinga (opið vinnusvæði) er átt við vinnusvæði eða flutningsleiðir að vinnusvæði þar sem almenn umferð fer um.

Umsjónarmaður/eftirlitsmaður gerir skipulega úttekt á merkingu vinnusvæða a.m.k. fyrir hvern verkfund. Stuðst verði við meðfylgjandi gátlista við úttektina og gefin frádráttarstig samkvæmt listanum sé merkingum ábótavant.

Fyrstu tvær úttektir skulu gerðar að verktaka viðstöddum og verða ekki gefin frádráttarstig fyrir þær úttektir þó frávik komi fram.

### Úttektir

Við hverja úttekt sem gerð er á vinnustaðamerkingum skal fylla út meðfylgjandi gátlista. Á eyðublaðinu eru gefin upp möguleg frádráttarstig fyrir hvert úttektartriði en samanlagt geta þessi stig flest orðið 100.

### Fyrir hvern lið skal matið vera eftirfarandi:

Ef 85-100% einstaks liðar uppfylla kröfur (t.d. 9 af hverjum 10 merkjum eru með endurskin í lagi) er ekkert dregið frá. Ef 60-84% uppfylla kröfur dragast 50% af mögulegum frádrætti frá (t.d. ef 70% merkja eru óhrein dragast frá 50% af 16 stigum eða 8 stig) og ef minna en 60% uppfylla kröfur dragast frá öll stig undir viðkomandi lið.

Stigin eru síðan lögð saman og mynda þau einkunnir frá 0 til 10 þannig að fyrir ekkert frádráttarstig fæst einkunnin 10,0, fyrir 10 frádráttarstig fæst einkunnin 9,0, fyrir 40 frádráttarstig fæst einkunnin 6,0 o.s.frv.

Ef merkingar teljast ekki fullnægjandi þarf að lagfæra þær strax og er ekki heimilt að greiða neina reikninga fyrir verkið fyrr en lagfæringu er lokið.

### Árangursmat

Ef verktaki er með að meðaltali minna en 6 í einkunn í árangursmat að verki loknu áskilur Vegagerðin sér rétt til að hafna tilboðum verktaka næst þegar hann býður í verk hjá Vegagerðinni.

Í árslok verður veitt sérstök viðurkenning þeim verktaka sem skarað hefur fram úr fyrir góðar vinnustaðamerkingar.

Niðurstöður úttekta á vinnustaðamerkingum skal skrá í verkfundagerðir og verða þær birtar reglulega í Framkvæmdafréttum og á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Árangurs- og eftirlitsdeild Vegagerðarinnar á Sauðárkróki skal a.m.k. einu sinni á ári gera úttekt á og meta framkvæmd eftirlits með vinnustaðamerkingum.

Svæðisstjórar skulu skila inn til árangurs- og eftirlitsdeildar úttektum á verkum þegar þeim er lokið. Deildin heldur utanum og reiknar út árangursmat verka sem síðan verður notað sem einn þáttur í árangursmati verktaka.

18.05.2004  
Vegamálastjóri

## Eftirlit með vinnustaðamerkingum - Gátlisti



Vegr.	Kaffi:	Dags.	Hver skoðar:
-------	--------	-------	--------------

Vegheiti:

Verktaki:

Já	nei	Hvað á að skoða	Möguleg frádráttarstig	Gild frádráttarstig	Athugasemdir
		Er til uppdráttur af merkingum vinnusvæða	6		
		Er vinnusvæðið rétt merkt samkv. gögnum	16		
		Er staðsetning merkja í lagi	12		
		Eru merkin hrein	16		
		Er endurskin merkja í lagi	12		
		Eru merkin stöðug og standa þau rétt	16		
		Er hæð undir merki samkv. reglum	10		
		Eru merkin vel sýnileg	12		
			<b>Samtals stig</b>		
		<b>Önnur úttektaratriði eftir því sem við á:</b>			
		Er upplýsingatafla um framkvæmdir til staðar	0		
		Eru skemmdir á vegi merktar á fullnægjandi hátt	12		
		Umferðartafir, tímabundnar lokanir nægilega kynntar	10		
		Hlé á framkv. samkv. reglum þ.e eru merkin hulin á fullnægjandi hátt.	6		
		Er vinnusvæði afmarkað með bráðabirgðamerki (H-merki) með viðeigandi texta og merkjum eftir aðstæðum.	12		
		Lok framkvæmda: Vinnumerki tekin niður og gildandi merki sett upp.	10		
			<b>Samtals stig</b>		
			<b>Stig alls</b>		<b>(Hámark 100 stig)</b>
			<b>Einkunn</b>		<b>(Einkunn 0-10)</b>

### Umsögn

### Dæmi um úttekt:

Athugasemdir eftirlitsmanns eru eftirfarandi: Fyrir liggur uppdráttur að merkingu vinnusvæðis, samtals skulu vera 20 merki.

Á staðnum eru 18 merki, 5 stk. óhrein, 7 stk. rangt staðsett, á einum stað er varasöm vegaskemmd sem ekki er merkt.

#### Mat á frádráttarstigum:

- 2 merki vantar =>  $18/20 \times 100 = 90\% \Rightarrow 0\%$  af 16 stigum = 0 stig í frádrátt.
- 7 stk. rangt staðsett og merki sem vantar jafnframt metið sem rangt staðsett (7+2 => 11 merki eru í lagi) =>  $11/20 \times 100 = 55\% \Rightarrow 100\%$  af 12 stigum í frádrátt eða 12 stig.

- 5 stk. eru óhrein og merki sem vantar jafnframt metin sem óhrein =>  $13/20 \times 100 = 65\% \Rightarrow 50\%$  af 16 stigum í frádrátt eða 8 stig.
- 2 merki sem vantar telja einnig fyrir endurskin og aðra úttektarþætti, þ.e. 18 af 20 teljast uppfylla kröfur um endurskin, stöðugleika, halla o.s.frv., þ.e.  $18/20 \times 100 = 95\%$  gefa 0% frádrátt eða 0 stig, fyrir aðra liði.
- Slæm vegaskemmd er ekki merkt á fullnægjandi hátt sem gefur 12 frádráttarstig.
- Heildarstigafjöldi er þannig  $0+12+8+12+0+0+0+0 = 32$  frádráttarstig af 100 mögulegum sem gefur einkunnina  $(100-32)/10 = 6,8$ .

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	05
04-071 Auðsholtsgvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	04
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboðna	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-060 Landeyjavegur (252), Gunnarshólmi - Hólmavegur	25.10.04	09.11.04
04-073 Hjáleið á Reyðarfirði, brú og vegur	11.10.04	02.11.04

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
04-068 Meðallandsvegur (204), Þykkvibær - Grenlækur	27.09.04	12.10.04
04-066 Jökuldalsvegur (923) um Mjósund og Þverá	30.08.04	14.09.04
04-070 Eyjafjarðarbraut eystri (829) um Möðruvellir	30.08.04	14.09.04
04-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007	12.07.04	27.07.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	14.06.04	29.06.04

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-067 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka 1. áfangi, eftirlit <i>Almenna verkfræðistofan hf.</i>	31.08.04	08.10.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik, verk II og III <i>Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.</i>	25.05.04	08.10.04



Í tilefni umfjöllunar um merkingar vinnusvæða er tilvalið að birta þessa sígildu ljósmynd af Vestfjörðum. Hún var tekin 1986. Að sögn þeirra sem þarna voru við störf bar þessi merking góðan árangur. Flestir ökumenn stönsuðu við skiltið og margir sem ekið höfðu framhjá stönsuðu og bökkðu til að skoða það betur.

## Auglýsingar útboða

### Landeyjavegur (252),

### Gunnarshólmi - Hólmavegur

04-060

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Landeyjavegar (252-02) frá Gunnarshólma að Hólmavegi, alls tæpir 5 km. Helstu magntölur eru:

Fyllingar	13.865 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	2.890 m <sup>3</sup>
Skeringar	6.045 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag, óunnið efni	28.390 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, unnið efni	4.345 m <sup>3</sup>
Ræsi	258 m
Girðingar	8.200 m
Skurðir	4.180 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	33.490 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 25. október 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr. Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. nóvember 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Niðurstöður útboða

### Meðallandsvegur (204),

### Þykkvibær - Grenlækur

04-068

Tilboð opnuð 12. október 2004. Endurbygging Meðallandsvegur (204) á um 3,5 km löngum kafla frá Þykkvabæ að Grenlæk.

Helstu magntölur eru:

Fylling	7.195 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	3.330 m <sup>3</sup>
Skering	21.260 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	11.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	2.260 m <sup>3</sup>
Lögn stálræsa	36 m
Girðingar	5.000 m
Tvöföld klæðing	17.125 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
12	Vegamenn ehf., Reykjavík	58.155.037	308,3	42.673
11	Birgir Jónsson, Klaustri	23.483.750	124,5	8.002
10	Hvolf ehf. og Grjótherji ehf.	22.357.650	118,5	6.876
9	Ístrukkur ehf., Núpi, Kópaskeri	22.047.234	116,9	6.565
8	Ólafur Halldórsson, Hornafirði	19.701.880	104,5	4.220
7	Sandvirki ehf., Þorlákshöfn	19.565.600	103,7	4.084
6	Rósaberg ehf., Höfn	19.208.625	101,8	3.727
5	Vörubílstjórafélagið Mjólnir, Selfossi	18.993.500	100,7	3.512
---	Áætlaður verktakakostnaður	18.860.300	100,0	3.379
4	Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum	17.343.750	92,0	1.862
3	Þórarinn Kristinsson, Fellskoti	16.778.305	89,0	1.297
2	Klæðning ehf., Kópavogi	15.992.500	84,8	511
1	Framrás ehf., Vík	15.481.750	82,1	0